

Mánudaginn 2. okt. 1922.

Nr. 30/1922.

**Einar Viðar**

(Björn P. Kalman)

gegn

**Ólafi Jóhannssyni**

(P. Magnússon).

Víxilmál.

Dómur gestarjettar Reykjavíkur 3. júní 1922: Stefnir Þorsteinn J. Sigurðsson og Einar Viðar greiði, báðir fyrir annan og annar fyrir báða, stefbandanum Ólafi Jóhannssyni 4000 krónur ásamt 6% ársvöxtum frá 10. janúar þ. á. til greiðsludags,  $\frac{1}{3}\%$  af upphæðinni í þóknun og kr. 19,50 í afsagnarkostnað. Auk þess greiði stefndur Þorsteinn stefnanda kr. 460,50 í málskostnað. — Dóminum að fullnægja innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

### Dómur hæstarjettar.

Með því að víxill sá, er ræðir um í hinum áfrýjanda dómi, var afsagður sökum greiðslufalls á heimili stefnda, Hverfisgötu 74, en þar var eigi, samkvæmt víxlinum, heimild til að láta afsögn fara fram, er víxilrjettur glataður gegn áfrýjanda, og verður því að fella gestarjettardóminn úr gildi að því er til áfrýjanda tekur, og sýkna áfrýjanda af kröfum stefnda í þessu máli. Í málskostnað fyrir gestarjettinum og hæstarjetti þykir rjett, að stefndi greiði áfrýjanda 200 kr.

Því dæmist rjett vera:

Áfrýjandinn, Einar Viðar, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Ólafs Jóhannssonar, í þessu máli. Stefndi greiði áfrýjanda 200 kr. í máls-

kostnað fyrir gestarjetti og hæstarjetti, að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er hófðað fyrir gestarjettinum með stefnu birtri 15. maí þ. á., af Ólafi Jóhannssyni skipstjóra, gegn kaupmönnum Þorsteini J. Sigurðssyni, Hverfisgötu 32, er rekur verslun í Austurstræti 12, og Einari Viðar, Laufásveg 35, til greiðslu á 4000 króna eftirstöðvum af 8000 króna vixli, útgefnum 10. nóvember f. á. af stefndum Einari Viðar og samþykktum af stefndum Þorsteini til greiðslu til stefnanda 10. janúar þ. á., en afsögðum vegna greiðslufalls 12. s. m. Hefir stefnandi krafist þess, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða sjer framangreindar 4000 krónur ásamt 6% ársvöxtum frá 10. janúar þ. á til greiðsludags,  $\frac{1}{3}$  % af upphæðinni í þóknun, kr. 19,50 í afsagnarkostnað og málskostnað að skaðlausu. Næmur hann eftir framlögðum reikningi, sem kemur heim við lágmarksgjaldskrá málaflutningsmannafjeldsins, kr. 460,50.

Stefndur Þorsteinn J. Sigurðsson hefir hvorki mætt nje mæta látið og er honum þó löglega stefnt. Verður því að því er hann snertir eftir N.L. 1—4—32 og tilsk. júní 1796 2. gr., sbr tilsk. 15. ágúst 1832, 8. gr., að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum, og þar sem stefnandi hefir lagt fram í málinu hinn umrædda vixil ásamt afsagnargjörð, verða kröfur hans gegn stefndum Þorsteini teknar til greina að öllu leyti.

Stefndur Einar Viðar hefir látið mæta í málinu og haldið því fram, að hinn framlagði vixill sje ekki vistaður vixill. Hann hafi átt að greiða og þar af leiðandi að afsegja í Austurstræti 12, og þar sem afsögnin hafi eigi farið fram þar, heldur í Hverfisgötu 74, sje hún ólögleg og vixilrjettur á hendur sjer glataður. Hefir hann því krafist sýknunar af kröfum stefnanda í málinu og 400 króna málskostnaðar hjá honum.

Rjetturinn telur það nú vafalaust, að meining hlutadeigenda, og þá einnig stefnds Einars Viðars, með því að setja klausuna »Vixillinn greiðist til hr. Ólafs Jóhannssonar skipstjóra« í vixilinn, hafi verið sú, að vista hann á heimili Ólafs, þótt ákvæðið sje ekki sem höndulegast orðað.

Ef hlutadeigendur hefðu ekki viljað hafa vixilinn vistaðan, þurftu þeir ekki annað en að strika með öllu út orðin: »Vixillinn

greiðist í Landsbankanum, sem í eyðublaðinu hafa staðið. Það getur heldur ekki hafa verið meining þeirra með hinni umræddu klausu, að hún ætti að skiljast sem framsal á víxilupphæðinni fra Viðar til Ólafs, eins og stefndur hefir haldið fram, því slíkt framsal felst í eyðuframsali því, er Viðar ritaði aftan á víxilinn í sambandi við afhendingu víxilsins til Ólafs.

Þar sem afsögnin fór fram á lögmæltum tíma á heimili Ólafs Jóhannssonar, verður rjetturinn að telja hana lögmæta, og hefir stefnandi þá einnig varðveitt víxilrjett sinn á hendur stefndum Einari Viðar, og verður þá einnig að því er Einar Viðar snertir að taka kröfur stefnanda til greina, að öðru leyti en því, að rjett þykir að málskostnaður falli niður að því er hann snertir.

---

Miðvikudaginn 4. okt. 1922.

Nr. 8/1922.

**Jón L. Hansson**

(P. Magnússon)

gegn

**Snæbirni Kristjánssyni**

(L. Fjeldsted)

og

**Einari M. Jónassyni,**  
**sýslumanni**

(Enginn).

Útaf rjetti áfrýjanda til ábylisjarðar sinnar.

Dómur aukarjettar Barðastrandarsýslu 10. okt. 1921: Stefnandi Jón L. Hansson hefir afsalað sjer ábúðarrjetti á jörðinni Hlið í Þorskafirði, sem þannig er lokið. Hann greiði í eftirgjald eftir nefnda ábúðarjörð sína frá fardögum 1914 til brottfarar, gildandi árlegt verðlag á smjöri og ám með lömbum, og bæti stefndum þannig upp árlegt þegar greitt eftirgjald. Við brottför af jörðinni svari hann til álags, eftir mati úttektarmanna hreppsins, með fullri hliðsjón af umbót-